


## Mál nr. 2025120206 Bókun umhverfis- og skipulagsráðs - Helguvíkurhöfn - breyting á a...



Sigurður Þór Arason

To Halldór Karl Hermannsson



fim. 22.1.2026 10:49

You forwarded this message on 22.1.2026 11:36.

Utanaðkomandi sendandi

**Góðan dag,**

Eftirfarandi var bókað á fundi númer 381 Umhverfis- og skipulagsráðs sem haldinn var þann 16.01.2026 og staðfest á bæjarstjórnarfundum númer 711 sem haldinn var þann 20.01.2026.

### **Helguvíkurhöfn - breyting á aðal- og deiliskipulagi (2025120206)**

Reykjanesbær leggur fram óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að reitur I10 verði felldur niður, enda óþarfur þar sem heimilt er að staðsetja tanka undir skipaolíu á hafnarsvæði H1. Reit I8 undir skólþælustöð er hliðrað og lögun hans breytt lítillega. Landnotkun helst að öðru leyti óbreytt. Samtímis er lögð fram breyting á deiliskipulagi Helguvíkur fyrir hafnarsvæðið, viðlegukant og lóð fyrir skipaolíutanka. Málsmeðferð er skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir óverulega breytingu á aðalskipulagi innan svæðis H1 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Ráðið samþykkir einnig að breyting á deiliskipulagi Helguvíkur sé auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Með vísan til ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á [skipulag@reykjanesbaer.is](mailto:skipulag@reykjanesbaer.is).*

*Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættis, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um þá ákvörðun sem kæra skal.*